

Safaris ehf
Selásbletti 18a
Reykjavík

Reykjavík, 6. september 2022
UST202208-324/P.V.B.
09.08.02

Efni: Akstur utan vega - Fagradalsfjall

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Safaris ehf, dagsett 31. ágúst 2022 um leyfi til aksturs utan vega við eldstöðvarnar í Meradölum.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvíkmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að keyra jeppa 6 km leið frá Suðurstrandarveg að gosstöðvunum í Meradölum 6. eða 7. september 2022. Kort sem sýnir þá leið sem til stendur að keyra fylgdi með umsókn. Tilgangurinn með akstrinum er að ferja þungan búnað vegna kvíkmyndartöku. Að verkefninu koma 4 starfsmenn.

Umsagnir:

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Löggreglunar á Suðurnesjum þann 2. september 2022 vegna akstursins. Umsögn Löggreglunar á Suðurnesjum barst þann 2. september 2022. Í umsögn löggreglunar kemur fram að hún gerir ekki athugasemdir, ef um er að ræða svokallaða Meradalaleið.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að verkefni geti haft áhrif á náttúru þess svæðis sem ekið verður um, en hægt er að lágmarka þau áhrif ef neðangreindum skilyrðum er fylgt og Meradalaleið fylgt en sú leið er ekin af viðbragðsaðilum og rannsóknaraðilum.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Safaris ehf fyrir sitt leyfi fyrir akstri utan vega eftir Meradalaleið sbr. lýsingu hér að ofan 6. eða 7. september 2022.

Akstur utan vega vegna verkefnisins er eingöngu heimill vegna flutnings búnaðar en ekki til fólksflutninga.

Leyfið er veitt að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Fyrirhuguð ferð skal tilkynnt til vettvangsstjórnar á svæðinu og skal fylgja fyrirmælum hennar í hvívetna.
- Dekkjastærð ökutækis skal vera að lágmarki 35 tommur. Hleypa skal lofti úr dekkjunum til að lágmarka rask á þeim hluta leiðarinnar sem er verst farinn.
- Ökutækjum skal lagt þannig að þau hindri ekki aðkomu viðbragðsaðila og víssindamanna.
- Vettvangsstjórn er heimilt að takmarka eða loka fyrir aðgengi að svæðinu, s.s. vegna öryggis, veðurs, aðstæðna eða fjölda bíla á svæðinu.

- Heimildin nær einungis til aksturs að gosstöðvunum um Merardalaleið en ekki um svæðið að öðru leiti.
- Leyfið gildir einungis fyrir einni ferð fram og til baka á tímabilinu.
- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Til að koma í veg fyrir að myndefnið hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökti berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tínum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Daniel Freyr Jónsson
sérfræðingur